

Samningur um aðgang að eFRAKT upplýsingavef

TVG-Zimsen, kt.650269-4389, Korngörðum 2, 104 Reykjavík, í samningi þessum nefnt TVG-ZIMSEN, og:

Fyrirtæki: Kt.
Heimili: Póstnúmer: Staður:

Í samningi þessum nefnt viðskiptamaður, gera með sér eftirfarandi samning um aðgang að upplýsingagrunni og viðskiptamannatengingu TVG-ZIMSEN á Internetinu, hér eftir nefndur eFRAKT.

1.gr. Aðgangur.

TVG-ZIMSEN veitir viðskiptamanni aðgang að eFRAKT honum að kostnaðarlausu. eFRAKT er gagnvirkur upplýsingavefur sem er ætlað að auðvelda viðskiptavinum að afla sér upplýsinga um viðskipti sín við TVG-ZIMSEN og annast úrlausn ýmissa þjónustumála.

Öll notkun og viðskipti um eFRAKT eru háð ákvæðum samnings þessa og þeim almennu notkunarskilmálum sem gilda um vefsíðu TVG-ZIMSEN og þeim sérstöku notenda- og samningsskilmálum sem um eFRAKT gilda.

Viðskiptamaður skal tilnefna ábyrgðarmann fyrir sína hönd sem hefur það verkefni að halda utan um réttindi og skyldur viðskiptamanns samkvæmt samningi þessum, auk frekari atriða sem fram koma í samningnum og öðrum skjölum sem undirrituð eru er viðskiptamaður fær aðgang að eFRAKT.

Aðgangur viðskiptamanns felst í eftirfarandi:

- Upplýsingum um viðskipti viðskiptamanns sem tengdar eru viðskiptamannanúmeri hans
- Almennum upplýsingum sem TVG-ZIMSEN hefur til reiðu hverju sinni
- Þjónustubeiðnum

2.gr. Aðgangsorð. Notendanafn.

TVG-Zimsen lætur viðskiptavini (ábyrgðarmanni) í té tvö konar auðkenni, auk réttinda til þess að dreifa og halda utan um öll aðgangsmál hjá viðskiptavini. Auðkennin eru eftirfarandi:

- Notendanafn, sem er auðkenni viðskiptamanns (ábyrgðarmanns) og er það ákveðið við undirritunsamnings um aðgang að eFRAKT.
- Lykilorð, sem er úthlutað um leið og aðgangur hefur verið staðfestur.

Notendanafni og lykilorði er úthlutað til ábyrgðarmanns og sent til hans í tölvupósti. Nauðsynlegt er að breyta lykilorði um leið og viðskiptamaður skráir sig inn í fyrsta skipti. Viðskiptamaður er hvattur til að halda notendanafni og aðgangsorði leyndu og tryggja að þau séu einungs látin þeim starfsmönnum hans í té sem þurfa að nota eFRAKT.

Lykilorði þarf að breyta á sex mánaða fresti.

Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á öllum þeim aðgangsorðum að eFRAKT sem hann dreifir til sinna samstarfsmanna. TVG-ZIMSEN er heimilt að loka aðgangi sem ekki er í notkun í samfelld 40 daga.

Verði viðskiptamaður var við að óviðkomandi aðilar hafi komist yfir notendanafn/lykilorð skal hann tafarlaust gera viðeigandi ráðstafanir. Viðeigandi ráðstafanir eru að loka á aðgang þess/þeirra aðila og tilkynna TVG-ZIMSEN það um leið. Ábyrgðarmaður hefur yfirumsjón með aðgangsbreytingum.

Vanræksla á að hlýta viðeigandi ráðstöfunum í slíkum tilfellum er alfarið á ábyrgð ábyrgðarmanns sem og það tjón sem rekja má til slíkrar misnotkunar.

3.gr. Gildistími. Uppsögn.

Báðum aðilum er heimilt að segja samningi þessum upp á samningstímanum. Uppsögn skal vera skrifleg og send gagnaðila með sannanlegum hætti. Tenging við eFRAKT fellur niður að 7 dögum liðnum frá því TVG-ZIMSEN sendir uppsögn af stað eða um leið og TVG-ZIMSEN móttelur uppsögn frá viðskiptamanni.

Fyrirhugi TVG-ZIMSEN að hætta rekstri eFRAKT telst samningur þessi niður fallinn. TVG-ZIMSEN mun senda viðskiptamanni tilkynningu þess efnis og fellur tenging viðskiptamanns við eFRAKT niður að 7 dögum liðnum eftir að tilkynningin er send af stað.

4.gr. Tilkynningar.

Ef gert er ráð fyrir í samningi þessum að annar hvor aðili skuli senda gagnaðila tilkynningu, hverju nafni sem hún nefnist, þá skal hún send af stað með sannanlegum hætti til þess heimilisfangs sem aðilar hafa gefið uppeða lögheimili þeirra eins og það er skráð þegar tilkynning er send af stað. Sé þess gætt skal tilkynning hafa þá þýðingu og þau réttaráhrif sem henni er ætlað að hafa jafnvel þótt hún komi afbökud, of seint eða alls ekki tilviðtakanda.

5.gr. Vanefndir.

Verði um vanefndir að ræða af hálfu viðskiptamanns á samningi þessum eða þeim skilmálum sem um hanggilda, er TVG-ZIMSEN heimilt að rifta samningnum, án fyrirvara. Riftun skal vera skrifleg og send viðskiptamanni með sannanlegum hætti. Sá sem vanefnir samning þennan skal bæta gagnaðila allt það tjón gagnaðila, hverju nafni sem það nefnist, sem rekja má til vanefndanna. Sá sem vanefnir skal þola allt sitt tjón bóta laust.

6.gr. Lögsaga.

Mál út af samningi þessum má reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. gr. Skilmálar..

eFRAKT skilmálar TVG-Zimsen skulu gilda um aðgang viðskiptamanns að upplýsingagrunni og viðskiptamannatengingu TVG-ZIMSEN á Internetinu, eins og nánar er lýst í samningi þessum. Skilmálar þessir eru felldir inn í samning þennan og skulu vera hluti af honum. Með undirritun sinni undir samninginn staðfestir viðskiptamaður að hann hafi kynnt sér þessa skilmála og að hann samþykki að þeir séu hluti af þessum samningi.

Auk þess skulu flutningsskilmálar TVG-ZIMSEN, Almennir þjónustuskilmálar TVG-ZIMSEN og Tollmiðlaraskilmálar TVG-ZIMSEN, eins og þeir eru á hverjum tíma, gilda um alla flutninga og öll verk og þjónustu sem TVG-ZIMSEN tekur að sér fyrir viðskiptamann, eftir því sem við á. Skilmálar þessir eru felldir inn í samning þennan og skulu vera hluti af honum. Með undirritun sinni undir samninginn staðfestir viðskiptamaður að hann hafi kynnt sér þessa skilmála og að hann samþykki að þeir séu hluti af þessum samningi. Gildandi skilmála hverju sinni er að finna á heimasíðu TVG-ZIMSEN www.tvg.is.

Dagsetning:

F.h. TVG-ZIMSEN ehf.

F.h.

Netfang ábyrgðarmanns:

VINSAMLEGAST FYLLIÐ ÚT OG SENDIÐ SKANNAÐ EINTAK Á NETFANGIÐ SERVICE@TVG.IS